

Um gögnin

Í [aðalskipulagssjá](#) er stafrænt aðalskipulag sveitarfélaga birt eins og það er í gildi á hverjum tíma. Unnt er að smella á breytingarsaga á tækjastiku til að sjá breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagstímabilinu, fyrir hvert sveitarfélag.

Uppruni gagna og nákvæmni þeirra eru af misjöfnum toga og má í grófum dráttum skipta í 2 flokka:

- Stafræn gögn aðalskipulags sem staðfest var í desember 2021 og seinna voru unnin af viðkomandi sveitarfélögum. Túlkun á landfræðilegum afmörkunum ræðst í þeim tilfellum af mælikvarða staðfesta skipulagsuppdráttu sem birtir eru sem eigindin nákvæmni í stafrænum gögnum.
- Eldra aðalskipulag var fært á stafrænt form ýmist með því að draga afmarkanir handvirkt upp af staðfestum uppdráttum eða með því að byggja á eldri teiknigögnum sveitarfélaga. Í þeim tilfellum inniheldur eigindin nákvæmni mælikvarða staðfesta uppdráttu en sérstakur fyrirvari er gerður á túlkun landfræðilegra afmarkana þar sem þær hafa verið dregið handvirkt upp.

Í þeim tilvikum sem aðalskipulag var dregið upp af útprentuðum staðfestum uppdráttum var lögð áhersla á að fá góða yfirsýn yfir alla megin landnotkunarflokka. Í viðkomandi sveitarfélögum innihalda þekjurnar því aðeins landnotkunarflokka, aðra en vötn ár og sjó, helstu takmarkanir á landnotkun ásamt göngu-, hjóla-, og reiðleiðir. Gögnin voru ekki að öllu leyti unnin í samræmi við það sem sett er fram í gagnalýsingu. Í viðkomandi þekjum eru eftirtalin atriði því ekki hluti af stafrænum gögnum:

- Vegir
- Vötn, ár og sjór
- Skilmálar og stærðir
- Byggingarmagn og fjöldi íbúa

Aðrir fyrirvarar

Stafræn gögn eru ekki tæmandi heimild fyrir stefnumörkun í aðalskipulagi. Í greinargerð aðalskipulags er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Þar koma fram ýmsar upplýsingar sem ekki rúmast í stafrænu aðalskipulagi. Því er mikilvægt að skoða sértæk ákvæði sem gilda um hvern reit með hliðsjón af almennum ákvæðum sem birt eru í greinargerð aðalskipulags sem og annarri almennri stefnumótun sem þar er sett fram.

Þar sem landnotkun sem táknuð er með punkti liggur ofan á annarri landnotkun sem skilgreind er sem fláki, gildir sú landnotkun sem punkturinn tilheyrir.

Miðlun aðalskipulags á stafrænu formi, í aðalskipulagssjá, gefur færi á að skoða afmörkun reita í öðrum mælikvörðum en þeim sem aðalskipulagsuppdráttur er staðfestur í. Túlkun landfræðilegra afmarkana skal þó ávallt taka mið af þeim mælikvarða sem staðfestur skipulagsuppdráttur er settur fram í.

Smellið [hér](#) til að sjá gagnalýsingu stafræns skipulags